



**Sambandsstjórnarfundur RSÍ
haldinn 19. til 20. apríl 2002 að Stórhöfða 31.**

Dagskrá:

19. apríl.

Setning.
Sigurður Hallvarðsson kvaddur.
Skýrsla sambandsins.
Reikningar sambandsins.
Lausn á fjárhagsvanda skólakerfisins, fyrri umræða.

20. apríl.

Breytingar á réttindakerfi Lífiðnar
Friðjón Rúnar Sigurðsson framkv.stj. Lífiðnar.
Breytingar á innheimtustofu rafiðnaðar.
Kjör á stjórnarmanni í Lífiðn og varamanni.
Styrktarsjóður - breytingar á reglugerð.
Staðan í vinnu við endurskipulagningu rafiðnaðarbrauta
Stefán Ó. Guðmundsson fræðsluskrifstofu.
Frestun uppsagnar launaliðs, rauð strik, þróun kaupmáttar Gylfi
Ambjörnsson framkv.stj. ASÍ.
Skólakerfið og framtíð þess, Rafiðnaðarskólinn - starfsemin
Sigurður Geirsson.
Lausn á fjárhagsvanda skólakerfisins, seinni umræða.

Fundur settur kl. 14:00.

Starfslok Sigurðar Hallvarðssonar

Í upphafi fundar var Sigurður Hallvarðsson ásamt konu sinni Málfríði Angantýsdóttur kallaður fram. Sigurður lét af störfum nú í vetur vegna veikinda. Sigurður er búinn að vera í forrystusveit rafiðnaðarmanna mjög lengi eða frá árinu 1965, hann var gjaldkeri miðstjórnar RSÍ frá 1978 til 1993 þegar ákveðið var að kjörinn gjaldkeri gæti ekki verið starfsmaður RSÍ. Sigurður hefur setið í sveinsprófsnefnd og fræðslunefnd rafvirkja um árabíl.

Nú þegar Sigurður lætur af störfum þökkum við þeim hjónum með smá gjöf og þakklæti fyrir samstarfið á liðnum áratugum.

Þingsetning, skýsla, reikningar

Þingsetning og látinna félaga minnst. Síðan var skýrsla stjórnar sambandsins lögð fram og skýrð af formanni Guðmundi Gunnarssyni.

Rúnar Bachmann lagði fram reikninga sambandsins fyrir árið 2001.

RB lagð fram eftirfarandi tillögur:

1. Sambandsstjórnarfundur RSÍ 19. – 20. apríl 2002 samþykkir að tekjur orlofssjóðs af félagsgjöldum verði með sama hætti fyrir árið 2002 og var á árinu 2001.
2. Sambandsstjórnarfundur RSÍ 19. – 20. apríl 2002 samþykkir að fela miðstjórn að láta endurskoða reikninga fyrir árið 2002 þannig að þeir verði áritaðir af endurskoðenda án fyrirvara.

3. Sambandsstjórnarfundur RSÍ 19. – 20. apríl 2002 leggur áherslu á mikilvægi tryggingarhlutverks styrktarsjóðs og nauðsyn þess að styrkja stöðu sjóðsins, í lögum sambandsins og ákvæði um meðferð fjármuna hans í reglugerð sjóðsins. Fundurinn felur miðstjórn að undirbúa fyrir næsta sambandsþing tillögur þar sem m.a. kveðið verði á um rekstur sjóðsins, ávöxtun fjár og veðsetningar eigna hans.

Fram kom breytingartillaga við tillöguna um hlut orlofssjóðs í félagsgjaldinu. Tillagan var um að helminga tillag til orlofssjóð og sá hluti færi í verkfallssjóð en það var fellt. Formaður sagðist í þessu sambandi vilja minna á fyrri ábendingar sínar um að tillag til sambandsins væri of lítið miðað við þau verkefni sem menn vildu fela því. Aðrar tillögur samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Fundurinn samþykkti einróma að vísa reikningunum til 15. þings RSÍ.

Lausn á fjárhagsvanda skólakerfisins, fyrri umræða.

Guðmundur Gunnarsson fór yfir forsögu málsins þar sem fram kom að á síðasta ári var verulegur halli á rekstri skólakerfisins. Síðan um áramót hefur verið unnið í því með fagmönnum að finna út raunstöðu kerfisins í heild og hveðrar rekstrareiningar fyrir sig.

Rúnar fór yfir skuldastöðu kerfisins við sjóði RSÍ, og nauðsynleg viðbótarlán til þes að rétta kerfið við ásamt því að leggja fram hugmyndir um hvernig eftirmentunarsjóðirnir geti greitt lánin upp á einhverjum árum.

Guðmundur Hilmarsson skýrði hvers vegna það hefur tekið svo langan tíma að fá endanlega stöðu í málin, en það er vegna hinna mörgu rekstrareininga með óljósum mörkum. Ljóst væri að skólastjórinn hefði markvisst sett flækjustig á árinu 2001 eins hátt stig og frekast væri kostur.

Aldurstengingarkerfi Lífiðnar

Friðjón Rúnar Sigurðsson framkv.stj. kynnti breytingar á réttindakerfi Lífiðnar úr punktakerfi yfir í aldurstengt kerfi.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur skýrði síðan breytingar og tók einstök dæmi.

Þeir sýndu fram á að núverandi kerfi byði upp á óréttlæti, í því formi að ef miðaldra maður hæfi greiðslur í sjóðinn væri hann að taka út meir en hann ætti í raun rétt á, á kostnað yngri mann sem greiddu allan sinn starfsaldur í sjóðinn og ættu fjármagn í ávöxtun allan tíman á mót skamms tíma hjá hinum eldri. Eins kom fram að með óbreyttu kerfi væri ekki hægt að standa við þær skuldbindingar sem í boði væru og fella þyrfti m.a. út makalífeyri og lækka stuðul.

Eftirfarandi tillaga var einróma samþykkt:

Sambandsstjórnarfundur RSÍ haldinn 19. – 20. apríl 2002 styður eindregið fyrirhugaðar breytingar Lífiðnar í aldurstengt réttindakerfi og beinir því til fulltrúa aðildarféлага sambandsins á ársfundi Lífiðnar þann 16. maí 2002 að styðja þetta mál.

Breytingar á innheimtustofu rafiðnaðar.

Rúnar Bachmann kynnti fyrirhugaðar breytingar á Innheimtustofu rafiðnaðar. Með þeim starfsmannabreytingum sem orðið hefðu hjá Lífiðn og innheimtustofu og breyttri verkaskiptingu, þá væri hægt að ná meiri hagræðingu með því að öll stjórn innheimtustofu og umsjón væri á einni

hendi, ekki eins og í dag að RSÍ, Matvís og Lífiðn rækju stofuna í sameiningu. Ákveðið hefur verið að leggja stofuna niður í núverandi mynd, en Lífeyrissjóðurinn taki að sér hlutverk stofunnar. RSÍ kaupir síðan þjónustuna frá Lífeyrissjóðnum í stað Innheimtustofu. Samþykkt að fela miðstjórn að ganga frá samningi þar um.

Stjórn Lífiðnar

Kjör fulltrúa í stjórn Lífiðnar. Haraldur Jónsson FÍR sem aðalmaður var einróma endurkjörinn og Sigurður Sigurðsson FÍR var kjörinn varamaður í stað Guðmundar Gunnarssonar sem gaf ekki kost á sér. Guðmundur sagði að fjármál stofnana rafiðnaðarmanna og innheimtan í húsinu væri svo tengt að það væri stundum óheppilegt að hann væri stjórnarmaður. Eins sagði hann að hann vildi stuðla að því að væntanlegur eftirmaður Haraldar fengi sem mesta innsýn í stjórnarstörf í Lífeyrissjóð, það skipti félagsmenn RSÍ miklu að hafa öflugna stjórnarmenn.

Breytingar á reglugerð Styrktarsjóðs.

Lögð var fram eftirfarandi breytingartillaga frá framkvæmdastjórn. Sambandsstjórnarfundur RSÍ haldinn 19. – 20. apríl 2002 veitir miðstjórn heimild til þess að endurskoða bótagreiðslur til þeirra félagsmanna FÍS sem ekki eru greiddar að fullu í Styrktarsjóðinn, náist ekki samkomulag við Landssímann um fyrirkomulag bótagreiðslna. Einungis er um tímabundna heimild að ræða og skal hún endurskoðuð á þingi RSÍ eftir eitt ár.

Tillagan samþ. samhlj.

Staðan í vinnu við endurskipulagningu rafiðnaðarbrauta.

Stefán Ó. Guðmundsson fræðsluskrifstofu fór yfir þá vinnu sem er í gangi hjá fræðsluskrifstofu til endurskipulagningar námsins og fór yfir hugmyndir sem eru í gangi.

Skólakerfið og framtíð þess

Rafiðnaðarskólinn - starfsemin. Sigurður Geirsson skýrði frá því sem er að gerast í Rafiðnaðarskólanum og hvaða áætlanir eru í gangi fyrir næsta ár. Ljóst væri að margskonar breytingar þyrfti að gera, fráfarandi skólastjóri hefði skilið eftir mikil vandamál á sumum sviðum, en skólinn væri í hugum rafiðnaðarmanna nauðsynlegur og það ætti að gera róðurinn auðveldari.

Í lokin lagði Sigurður fram eftirfarandi tillögu sem var samþ. samhlj: Sambandsstjórnarfundur RSÍ haldinn 19. – 20. apríl 2002 beinir því til starfsgreinaráðs að nú þegar verði hafin vinna við námskrár fyrir meistaranám í rafeindavirkjun og símsmíði.

Frestun uppsagnar launaliðs, rauð strik, þróun kaupmáttar.

Gylfi Arnbjörnsson framkv.stj. ASÍ fór yfir stöðuna sem var í haust, þá vinnu sem ASÍ hefur lagt fram til þess að keyra verðbólguna niður þannig að rauðu strikin haldi, nú er árangurinn kominn fram, styrking á gengi og verðbógan á niðurleið. Hann benti á að vandinn í fyrra hefði verið algjörlega heimatilbúin af ríkisstjórninni, erfitt væri að setta sig við málflutning stjórnarmanna. En verkalýðshreyfingin hefði skorað mörg prik að undaförnu og það væri hið góða í málinu.

Lausn á fjárhagsvanda skólakerfisins, seinni umræða.

Hugmyndir um hvernig framhald á stuðningi RSÍ við skólakerfið og

eftirfarandi tillaga samþ. samhlj: Sambandsstjórnarfundur RSÍ haldinn 19. – 20. apríl 2002, lýsir stuðningi við miðstjórn sambandsins í því starfi sem unnið hefur verið og vinna þarf til að verja skólakerfi rafiðnaðarmanna frekari áföllum, tryggja rekstur Rafiðnaðarskólans og verja fjárhagslega hagsmuni RSÍ eftirmenntunarsjóðanna. Vegna þessa heimilar Sambandsstjórn lántökur og nauðsynlegar veðsetningar. Fundurinn felur framkvæmdastjórn auk fulltrúa Félags símsmiða Sigurgeiri Ólafssyni, Félags tæknifólks, Hafliða Sívertssen og Félags rafeindavirkja Oddi Sigurðssyni að hafa stjórn á því starfi sem framundan er við lausn á málefnum skólakerfis rafiðnaðarmanna. Fundurinn felur aukinni framkvæmdastjórn í samráði við miðstjórn að semja um endurgreiðslur lána RSÍ til skólakerfisins úr eftirmenntunarsjóðunum og að standa að endurskipulagningu skólakerfisins og stjórnunar þess.

Önnur mál.

Leita varð afbrigða vegna varamanns Félags símsmiða í miðstjórn. Kjörinn varamaður félagsins í miðstjórn hefur hætt í félaginu og vegna þess samþykkir fundurinn heimild til félagsins að tilnefna Sigurð Lúther Björgvinsson sem varamann í miðstjórn fram að næsta þingi RSÍ.

Þar sem styrk var úthlutað með þriggja ára úthlutun á afmælisári sambandsins var eki um að ræða styrk á þessu ári til velferðarmála. Haukur Ágústsson.